

## Fundargerð



MÝVATN

# Sveitarstjórn Skútustaðahrepps

## 24. fundur.

að Hlíðavegi 6, 15.10. 2003, kl. 13:30.

### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Samgöngur milli Norður- og Austurlands.
3. Stofnun hlutafélags um fjárfestingar í atvinnulífi.
4. Gatnagerðargjöld.

Til kynningar: Bréf Baðfélags Mývatnssveitar og drög að samningi um náttúrustofu.  
Aðalfundur Sniðils.

Mættir: Guðrún María Valgeirsdóttir, Jón Óskar Ferdinandsson, Kristján Stefánsson, Birkir Fanndal Haraldsson, Böðvar Pétusson.

### 1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund. Lagt var til að 5. máli yrði bætt á dagskrá.

### 2. Samgöngur milli Norður- og Austurlands.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps skorar á samgönguráðherra að beita sér fyrir að traustari rötum verði skotið undir samgöngur milli Norður- og Austurlands í ljósi aukinna athafna á Austurlandi sem og í ljósi stöðugrar fjölgunar námsmanna sem sækja nám í öðrum landshlutum.

### 3. Stofnun hlutafélags um fjárfestingar í atvinnulífi.

Eftirfarandi gögn lágu fyrir fundinum.

### ***Samþykktir***

### **Nafn félagsins, heimili og tilgangur**

1. gr.

Félagið er einkahlutafélag og er nafn þess Fjárfing ehf.

2. gr.

~~Heimilisföng félagsins er á Kottubraut 22, Húsavík~~

3. gr.

Tilgangur félagsins er fjárfestingar í atvinnulífi og skyld starfsemi, rekstur fasteigna og lánastarfssemi.

### **Hlutafé félagsins**

4. gr.

Hlutafé félagsins er kr., 1.000.000. Hlutaféð skiptist í hluti og er hver hlutur að fjárhæð ein króna að nafnverði eða margfeldi þeirrar fjárhæðar. Allir hlutir hafa jafnan rétt miðað við fjárhæð. Eitt atkvæði fylgir hverri krónu í hlutafé.

5. gr.

Félagið má eiga sjálft allt að 10% af eigin hlutafé. Eignist félagið meira af hlutafénu skal það hafa selt hluti þannig að lögmæltu lágmarki sé náð innan sex mánaða. Eigin hlutir félags njóta ekki atkvæðisréttar.

6. gr.

Hluthafafundi er heimilt með 2/3 hlutum greiddra atkvæða, svo og samþykki hluthafa, sem ráða yfir minnst 2/3 hlutum þess hlutafjár sem farið er með atkvæði fyrir á hluthafafundinum, að hækka hlutafé félagsins hvort heldur er með áskrift nýrra hluta eða útgáfu jöfnunarhluta.

Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutafjár.

7. gr.

Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá samkvæmt lögum. Heimilt er að hafa skrána í tryggu lausblaðaformi eða tölvuskrá hana. Hlutaskrá skal geymd á skrifstofu félags og eiga allir hluthafar og stjórnvöld aðgang að henni og mega kynna sér efni hennar.

Í hlutaskrá skal greina:

- a. Hluti í númeraröð
- b. Nöfn hluthafa, heimilisföng og kennitölu.
- c. Skráningardag eigendaskipta.

Stjórn félags skal að kröfu hluthafa eða veðhafa gefa út staðfestingu um færslu í hlutaskránni.

### **Eigendaskipti að hlutum í félaginu**

8. gr.

Óheimilt er að selja, veðsetja eða gefa hluti í félaginu án samþykkis stjórnar félagsins.

9. gr.

Stjórn félagsins hefur forkaupsrétt fyrir félagsins hönd að fölum hlutum. Að félaginu frágengnu skulu hluthafar hafa forkaupsrétt að hlutum í hlutfalli við hlutafjáreign sína. Verði ágreiningur um verð hluta skal það ákveðið með mati tveggja óvilhallra manna sem dómkvaddir skulu á heimilisvarnarþingi félagsins.

Forkaupsréttarhafi hefur tveggja mánaða frest til að beita forkaupsrétti sínum og telst fresturinn frá tilkynningu til stjórnar um tilboð. Þó mega eigi líða fleiri en þrjú mánuðir frá því að kaup voru ákveðin þar til kaupverð er greitt. Ef fyrir liggur tilboð frá þriðja aðila sem forkaupsréttarhafi gengur inn í skulu þó ákvæði þess tilboðs gilda um greiðsluskilmála.

Eigendaskipti vegna arfsals til erfingja við andlát hluthafa eða búskipta lúta ekki framangreindum forkaupsréttarreglum.

Hluthafar þurfa ekki að sæta innlausn hluta sinna nema lög standi til annars.

Verði eigendaskipti að hlutum í félaginu, með lögmætum hætti samkvæmt framansögðu, skal stjórnin, þegar hinn nýi hluthafi tilkynnir eigendaskiptin og sannar rétt sinn, færa nafn hans í hlutaskrána.

### **Hluthafafundir**

10. gr.

Æðsta vald í málefnum félagsins, innan þeirra marka sem lög og samþykktir félagsins ákveða, er í höndum lögmætra hluthafafunda.

11. gr.

Aðalfundur skal haldinn á heimili félags fyrir lok apríl ár hvert.

Félagsstjórn skal boða til hluthafafunda með tilkynningu í ábyrgðarbréfi eða á annan jafn sannanlegan hátt til hvers hluthafa sem skráður er í hlutaskrá félagsins. Boða skal til hluthafafundar lengst fjórum vikum fyrir fund og skemmst viku fyrir fund. Fundarefnis skal getið í fundarboði. Hluthafar geta með skriflegu umboði veitt umboðsmönnum heimild til að sækja hluthafafund og fara með atkvæðisrétt sinn.

## 12. gr.

Hluthafafundur er lögmætur ef hann er löglega boðaður og hann sækja hluthafar eða umboðsmenn þeirra sem hafa yfir að ráða helmingi hlutafjár í félaginu að minnsta kosti. Verði fundur ólögmætur vegna annmarka að þessu leyti skal boðað til nýs fundar innan mánaðar með sjö daga fyrirvara og verður sá fundur lögmætur til að ræða þau mál sem ræða átti á fyrri fundinum án tillits til þess hversu margir hluthafar mæta. Hluthafafundur kýs fundarstjóra og fundarritara.

Einfaldur meiri hluti atkvæða ræður úrslitum á hluthafafundi nema öðruvísi sé fyrir mælt í lögum eða samþykktum þessum.

Samþykki allra hluthafa þarf þó til þess:

- að skylda hluthafa til að leggja fram fé í félagsþarfir fram yfir skuldbindingar sínar;
- að takmarka heimild manna til meðferðar á hlutum sínum eða
- að breyta ákvæðum samþykktum um hlutdeild manna í félaginu eða jafnrétti þeirra á milli.

Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins má ekki taka til meðferðar á hluthafafundi hafi þess ekki verið getið í fundarboði, nema allir hluthafar félagsins samþykki það.

## 13. gr.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Stjórn félagsins skal skýra hluthöfum frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.
2. Efnahagsreikningur og rekstrarreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skulu lagðir fram ásamt athugasemdum endurskoðenda félagsins til samþykktar.
3. Stjórn félagsins skal kjörin og endurskoðendur.
4. Tekin skal ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
5. Ákvörðun skal tekin um greiðslur til stjórnar- og endurskoðenda fyrir störf þeirra á starfsárinu.
6. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

## 14. gr.

Fundargerðabók skal haldin og í hana skráð það sem gerist á hluthafafundum.

Fundarstjóri stýrir fundi og úrskurðar um ágreiningsatriði.

Aukafundi skal halda eftir ákvörðun stjórnar eða að kröfu hluthafa sem ráða a.m.k. einum tíunda hluta hlutafjár í félaginu. Skal krafa skriflega gerð og fundarefni tilgreint og fundur boðaður innan fjórtán daga. Ef stjórnin skirrist við að boða fund, eða aðalfund ef því er að skipta, eftir móttöku slíkrar kröfu má leita atbeina ráðherra samkvæmt 2. mgr. 62. gr. ehfl.

### Stjórn félags og framkvæmdastjórn

## 15. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð þremur mönnum, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Enn fremur skal kjósa til sama tíma tvo varamenn. Fyrst skal kjósa formann stjórnar og síðan meðstjórnendur og varamenn.

Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja aðila. Undirskrift meirihluta stjórnar skuldbindur félagið.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Afl atkvæða ræður þá afgreiðslu mála. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum. Halda skal fundargerð um stjórnarfund.

Stjórn félagsins er óheimilt að veita hluthöfum, stjórnarmönnum eða framkvæmdastjórum þess lán eða setja tryggingar fyrir þá. Sama regla gildir um maka þessara aðila eða þá sem skyldir eru þessum aðilum að feðgatali eða niðja ellegar standa þeim að öðru leyti nærri. Þetta bann nær þó ekki til venjulegra viðskiptalána.

## 16. gr.

Formaður boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt á framkvæmdastjóri. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

## 17. gr.

Stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra og ákveður laun hans og starfskjör. Hún veitir og prókúruumboð fyrir félagið.

Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfslíðs. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

### Reikningar félags og endurskoðun

18. gr.

Á aðalfundi félagsins skal kjósa einn löggiltan endurskoðanda. Skal hann rannsaka reikninga félagsins fyrir hvert starfsár og leggja niðurstöður sínar fyrir aðalfund. Endurskoðanda má hvorki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins né má hann vera fjárhagslega háður viðkomandi félagi. Þá má endurskoðandi ekki vera maki þessara aðila, skyldur þeim eða tengdur að feðgatali eða niðja eða fyrsta lið til hliðar, kjörforeldri þeirra eða kjörbarn, fösturfóreltri eða fösturbarn.

19. gr.

Starfsár og reikningsár er almanaksárið. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreikninga og lagt fyrir endurskoðanda eigi síðar en einum mánuði fyrir aðalfund.

Ársreikningur, undirritaður af félagsstjórn og framkvæmdastjóra, með áritun endurskoðanda, skal lagður fram á skrifstofu félags í síðasta lagi viku fyrir aðalfund, skráðum hluthöfum til sýnis. Mánuði eftir samþykkt ársreiknings, þó eigi síðar en átta mánuðum eftir lok reikningsárs, skal senda félagaskrá ársreikning eða samstæðureikning, ef svo ber undir, ásamt skýrslu stjórnar, áritun endurskoðanda og upplýsingar um hvenær ársreikningur var samþykktur.

### Breytingar á samþykktum félagsins

20. gr.

Samþykktum þessum má breyta á lögsmætum aðalfundi eða aukafundi með 2/3 hlutum greiddra atkvæða, svo og með samþykki hluthafa sem ráða minnst yfir a.m.k. 2/3 hlutum af því hlutafé í félaginu sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, enda sé annað atkvæðamagn ekki áskilið í samþykktum eða lögum, sbr. 68. gr. ehfl. Samþykkt hluthafafundar um breytingu á samþykktum einkahlutafélags skal án dráttar tilkynnt hlutafélagaskrá, nema annað tímamark sé sérstaklega fram tekið í samþykktum þessum eða lögum, og tekur breytingin ekki gildi fyrr en hún hefur verið skráð.

21. gr.

Ákvörðun um félagsslit án gjaldþrotaskipta skal tekin á hluthafafundi. Þarf atkvæði hluthafa sem ráða minnst 2/3 hlutum af heildarhlutafé félagsins til að ákvörðun um félagsslit sé gild. Hluthafafundur, sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit félagsins, skal óska löggildingar hlutafélagaskrár á kosningu skilanevndar.

### Lokaákvæði

22. gr.

Þar sem ákvæði samþykkt þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga um einkahlutafélög, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt hverju sinni.

## HLUTHAFASAMNINGUR

### í einkahlutafélaginu Fjárþing ehf.

1. gr.

Aðilar sammingsins

Eftirtaldir hluthafar í einkahlutafélaginu Fjárþing ehf. eru aðilar að hluthafasamningi þessum:

Húsavíkurbær	kt. 640169-5599	Ketilsbraut 9	640 Húsavík
Skútustaðahreppur	kt. 600269-1009	Hlíðarvegi 6	660 Mývatn
Þingeyjarsveit	kt. 590602-2640	Kjarna	650 Laugar
Aðaldælahreppur	kt. 410169-0619	Iðjugerði 1	641 Húsavík
Kelduneshreppur	kt. 680169-7809	Lindarbrekku	671 Kópasker
Öxarfjarðarhreppur	kt. 520269-4529	Bakkagötu 10	670 Kópasker
Raufarhafnarhreppur	kt. 530269-2569	Aðalbraut 2	675 Raufarhöfn
Svalbarðshreppur	kt. 640269-1976	Gunnarsstöðum	681 Þórshöfn
Þórshafnarhreppur	kt. 420369-1749	Langanesvegi 2	680 Þórshöfn

<i>Skipaafgreiðsla Húsavíkur ehf</i>	<i>kt. 440684-1069</i>	<i>Höfða 2</i>	<i>640 Húsavík</i>
<i>Grímur ehf</i>	<i>kt. 560390-1309</i>	<i>Garðarsbraut 48</i>	<i>640 Húsavík</i>
<i>Alli Geira hf</i>	<i>kt. 700988-1399</i>	<i>Garðarsbraut 50</i>	<i>640 Húsavík</i>
<i>Reynihlið hf</i>	<i>kt. 671261-0119</i>	<i>Reykjahlið</i>	<i>660 Mývatn</i>
<i>GPG fiskverkun ehf</i>	<i>kt. 711097-2609</i>	<i>Suðurgarði</i>	<i>640 Húsavík</i>
<i>Sigurður R. Ragnarsson</i>	<i>kt. 021249-3519</i>	<i>Ásgarðsvegi 22</i>	<i>640 Húsavík</i>

## 2. gr.

**Almenn atriði**

Hluthafar eru sammála um að hafa í heiðri samþykktir félagsins, hluthafasamning þennan og aðra samninga sem gerðir hafa verið og munu verða gerðir milli hluthafa félagsins.

Tilgangur félagsins er fjárfestingar í atvinnulífi og skyld starfsemi, rekstur fasteigna og lánstarfssemi.

## 3. gr.

Stofnun félagsins og eignaskipting

Eins og fram kemur í stofnsamningi félagsins munu samningsaðilar stofna félagið þannig að heildar stofnhlutafé félagsins er kr. 1.000.000. Framlag hvers stofnanda og eignahlutföll eru sem hér segir:

<b>Hluthafi:</b>	<b>Hlutafé</b>	<b>Hlutfall af heildarhlutafé</b>
<i>Húsavíkurbær</i>	<i>kr. 400.000</i>	<i>40,0000%</i>
<i>Skútustaðahreppur</i>	<i>kr. 333.333</i>	<i>33,3333%</i>
<i>Þingeyjarsveit</i>	<i>kr. 73.333</i>	<i>7,3333%</i>
<i>Aðaldælahreppur</i>	<i>kr. 20.000</i>	<i>2,0000%</i>
<i>Kelduneshreppur</i>	<i>kr. 3.333</i>	<i>0,3333%</i>
<i>Öxarfjarðarhreppur</i>	<i>kr. 3.333</i>	<i>0,3333%</i>
<i>Raufarhafnarhreppur</i>	<i>kr. 3.333</i>	<i>0,3333%</i>
<i>Svalbarðshreppur</i>	<i>kr. 3.333</i>	<i>0,3333%</i>
<i>Dórshafnarhreppur</i>	<i>kr. 3.333</i>	<i>0,3333%</i>
<i>Skipaafgreiðsla Húsavíkur ehf</i>	<i>kr. 40.000</i>	<i>4,0000%</i>
<i>Grímur ehf</i>	<i>kr. 40.000</i>	<i>4,0000%</i>
<i>Alli Geira hf</i>	<i>kr. 20.000</i>	<i>2,0000%</i>
<i>Reynihlið ehf</i>	<i>kr. 26.667</i>	<i>2,6667%</i>
<i>GPG fiskverkun ehf</i>	<i>kr. 26.667</i>	<i>2,6667%</i>
<i>Sigurður R. Ragnarsson</i>	<i>kr. 3.333</i>	<i>0,3333%</i>

## 4. gr.

Nýir hluthafar

Á gildistíma samnings þessa getur nýr aðili einungis orðið hluthafi í félaginu, hvort heldur sem er með þátttöku í hlutafjár aukningu eða við sölu hluthafa á eigin hlutum, með skriflegu samþykki allra samningsaðila. Nýr hluthafi skal verða aðili að samningi þessum.

## 5. gr.

Hlutafjár aukning

Aðilar samþykkja að auka heildarhlutafé félagsins í allt að 5.000.000 kr. að nafnvirði 1. febrúar 2005. Hlutafjár aukning hvers aðila verður í sama hlutfalli og eign hans er í hlutafé félagsins við stofnun þess. Fjárþing ehf mun hafa milligöngu um útvegum fjármagns til hlutafjár aukningar í nafni hluthafa.

Í febrúar 2005 mun hluthafar lána Fjárþingi ehf. allt að 150.000.000 kr í sama hlutfalli og eign þeirra er í hlutafé félagsins við stofnun þess. Fjárþing ehf. mun á sama tíma lána Promeks ASA, kt. (organisasjonsnummur) 966991887, Örnaveien 3, N-8160 Glomfjordd, Noregi, allt að 150.000.000 kr til byggingar kísilduftverksmiðju í Mývatnssveit, náist um það viðunandi samningar og áætlanir þess um byggingu verksmiðjunnar gangi eftir.

## 6. gr.

Arðgreiðslur

Þar sem eðli félagsins er ekki að skila hagnaði er samningsaðilum ljóst að ekki er sennilegt að til arðgreiðslna komi miðað við núverandi rekstrarforsendur. Samningsaðilar eru því samþykktir því að miðað við óbreyttan tilgang félagsins skv. samþykktum muni ekki verða lögð fram krafa á aðalfundi félagsins um útgreiðslu arðs. Ákvæði þetta fellur úr gildi þegar lán sbr. 5. grein er uppgreitt.

8. gr.

**Félaginu slitið**

Verði félaginu slitið skal farið eftir reglum XIII. kafla laga nr. 138/1994, um einkahlutafélög, með síðari breytingum.

9. gr.

Launagreiðslur

Almennir starfsmenn félagsins skulu vera á föstum launum skv. ráðningarsamningum.

10. gr.

**Kostnaður**

Félagið skal auk beins kostnaðar við stofnun þess bera annan þann undirbúningskostnað sem aðilar hafa sannanlega orðið fyrir.

11. gr.

Breyting á samningi þessum

Samningi þessum verður eigi breytt fyrir en framangreint lán, sbr. 5. grein samnings þessa, hefur verið að fullu greitt.

12. gr.

**Varnarþing**

Sérhvern ágreining milli samningsaðila sem upp kann að koma og tengist á einn eða annan hátt þessum samningi skal leggja fyrir Héraðsdóm Norðurlands eystra, enda hafi samningsaðilar áður árangurslaust reynt að leysa úr ágreiningi sínum

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkir samhljóða að gerast hluthafi í Fjárþingi og undirgangast þær skuldbindingar sem fram koma í hluthafasamningi.

Sveitarstjóra falið að sitja stofnfund félagsins og undirrita samþykktir og hluthafasamning fyrir hönd Skútustaðahrepps.

Enn fremur er sveitarstjóra falið að tilkynna Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga um þessa samþykkt Skútustaðahrepps.

**4. Gatnagerðargjöld.**

Sveitarstjóri lagði fram eftirfarandi drög að samþykkt um gatnagerðargjöld:

**Samþykkt um gatnagerðargjald í leigulandi Skútustaðahrepps í Reykjahlíð, Skútustaðahreppi.**

1. gr.

Af öllum lóðum og nýbyggingum og stækkunum eldri húsa í leigulandi Skútustaðahrepps í Reykjahlíð, Skútustaðahreppi, hvort sem er á eignarlóðum eða leigulóðum, skulu lóðarhafar greiða til sveitarfélagsins gatnagerðargjald til sveitarsjóðs samkvæmt samþykkt þessari.

Framangreint gjald er, ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði, tryggt með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign og er aðfarahæft skv. 10.tl. 1. mgr. 1.gr. laga um aðför nr. 90/1989.

2. gr.

Gatnagerðargjaldi skv. 1. gr. skal varið til gatnagerðar í sveitarfélaginu, svo sem til að undirbyggja götur með tilheyrandi lögnum, m.a. vegna götulýsingar og til að leggja bundið slitlag, gangstéttir, umferðareyjar og þess háttar þar sem gert er ráð fyrir því í skipulagi.

3. gr.

Greiða skal **Kr. 1.000,-** í gatnagerðargjald fyrir hvern fermetra lóðar hværrar tegundar sem lóðin er. Að auki greiðist eftirfarandi fyrir hvern brúttófermetra í húsum skv. eftirfarandi:

**3.a:** Hús á einbýlishúsalóðum: **Kr 1.200,-**

**3.b:** Hús á parhúsa- og raðhúsalóðum: **Kr. 1.000,-**

**3.c:** Hús á fjölbylishúsalóðum: **Kr. 700,-**

**3.d:** Hús á atvinnu- og iðnaðarhúsalóðum: **Kr. 1.000,-**

**3.e:** Hús á verslunar-, skrifstofu- og þjónustulóðum og öðrum, sem ekki eru sérstaklega taldar annars staðar: **Kr. 2.000,-**

Liggi ekki fyrir teikningar að byggingu þegar úthlutað er lóð samkv. liðum 3.a - 3.g hér að framan, skal reikna út gatnagerðargjald samkvæmt áælaðri stærð húsbýggingar eða hámarks nýtingarhlutfalli lóðar skv. viðkomandi deiliskipulagsskilmálum. Þegar byggingarleyfi er gefið út skal útreikningur leiðréttur í samræmi við endanlegt brúttó gólfflatarmál.

Einingarverð hér að ofan eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar eins og hún er í janúar 2003 (278,0 stig) og reiknast á hverjum tíma til samræmis við gildandi byggingarvísitölu.

#### 4. gr.

Ef byggt er við hús skal greiða gatnagerðargjald fyrir hvern fermetra viðbyggingar skv. liðum 3.a - 3.e. Gatnagerðargjald verður ekki endurgreitt sé hluti húss fjarlægður.

Ef lóð er stækkuð að ósk lóðarhafa greiðist gatnagerðargjald vegna aukningar lóðarstærðar til samræmis við 3. gr. Ekki verður endurgreitt ef lóð minnkar.

Ef lóðarhafi rifur gamalt hús eða flytur af lóð og byggir stærra hús á sömu lóð skal greiða gatnagerðargjald af því flatarmáli nýja hússins sem er umfram flatarmál eldra húss. Sama gildir ef hús brennur og byggt er nýtt á sömu lóð. Ekki verður endurgreitt sé nýja húsið minna en það eldra. Þegar hús er flutt af einni lóð yfir á aðra skal greiða af því gatnagerðargjald á hinni nýju lóð.

#### 5. gr.

Ef veitt er leyfi fyrir breytingu eða endurbyggingu húsnæðis, sem felur í sér breytta notkun þess, þannig að húseignin færist í hærrí gjaldflokk sbr. 3. gr., þá skal húseigandi greiða mismun gatnagerðargjalds af hinu breytta húsnæði og lóð fyrir og eftir breytinguna. Færast hús hinsvegar í lægri gjaldflokk við breytingu á húseigandi ekki rétt á endurgreiðslu þess vegna.

#### 6. gr.

Gjald dagar gatnagerðargjalds eru eftirfarandi:

- |                               |                               |
|-------------------------------|-------------------------------|
| 1. Við lóðarúthlutun          | 20 % álagðs gatnagerðargjalds |
| 2. Við útgáfu byggingarleyfis | 30 % álagðs gatnagerðargjalds |
| 3. Við fókheldi mannvirkis    | 50 % álagðs gatnagerðargjalds |

Fyrstu greiðslu gatnagerðargjalda skv. 1. tl. og 2. tl. hér að framan, skal inna afhendi innan fjögurra vikna frá dagsetningu tilkynningar um lóðarúthlutun eða útgáfu byggingarleyfis og öðlast lóðarúthlutun eða byggingarleyfi ekki gildi fyrr en á greiðsludegi.

Sveitarstjórn getur frestað innheimtu 3. greiðslu gatnagerðargjalds um eitt ár í senn, ef sýnt þykir að frágangi götu við viðkomandi byggingu verði ekki lokið innan eins árs frá því að hús er fókheldt. Sé hús tekið í notkun áður en fókheldisstigi er náð, gjaldfellur gatnagerðargjald við upphaf notkunar.

#### 7. gr.

Sé úthlutaðri lóð skilað, lóðarúthlutun afturkölluð eða byggingarleyfi fellt úr gildi, skal endurgreiða gatnagerðargjald samkvæmt 2. mgr. 1. gr. laga um gatnagerðargjald nr. 17/1996. Gatnagerðargjald skal endurgreiða með verðbótum m.v. vísitölu byggingarkostnaðar, en vaxtalaust.

Endurgreiðslu gatnagerðargjalds er heimilt að fresta þar til lóð er úthlutað að nýju, en þó ekki lengur en í 6 mánuði frá afturköllun eða niðurfellingu byggingarleyfis.

Kostnaður lóðarhafa vegna lóðar sem er skilað eða byggingarleyfi afturkallað af vegna atriða er varða lóðarhafa, svo sem hönnunar- og rannsóknakostnaður á lóðinni eða framkvæmdir unnar samkvæmt grafrarleyfi áður en byggingarleyfi er gefið út, er ekki endurgreiddur af sveitarfélaginu.

Sé lóð afturkölluð eða byggingarleyfi fellt úr gildi eftir að undirstöður eru fullgerðar, eða á síðari stigum byggingarframkvæmda, skal dómkveðja tvo matsmenn til að verðleggja þær framkvæmdir sem unnar hafa verið, enda hafi þær verið teknar út og viðurkenndar af byggingarfulltrúa. Kostnað vegna matsins greiða sveitarfélagið og lóðarhafi að jöfnu. Skútustaðahreppur skal leysa til sín lóðina með mannvirkjum á grundvelli mats hinna dómkvöddu matsmanna að frádreginni hlutdeild lóðarhafa í kostnaði vegna matsgerðarinnar.

#### 8. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að auglýsa lóðir með lægri gatnagerðargjöldum en 3. gr. mælir fyrir um, vegna sérstakra aðstæðna sem gera byggingarframkvæmdir óvenju erfiðar eða kostnaðarsamar.

Sveitarstjórn getur veitt sérstakan greiðslufrest á gatnagerðargjaldi samkvæmt sérstökum greiðslusamningi sem kveður á um skilmála og greiðslukjör.

Sveitarstjórn getur ákveðið gatnagerðargjald sérstaklega í þeim tilvikum að byggingar falli ekki undir ákvæði samþykktar þessarar.

**9. gr.**

*Samþykkt þessi tekur gildi frá og með 1. nóv. 2003, og falla þá úr gildi eldri samþykktir um sama efni. Þegar gefin eru út byggingarleyfi vegna viðbygginga eða breytinga á íbúðarhúsalóðum, skal umsækjandi greiða gatnagerðargjald samkvæmt 3. grein, en þó einungis á grundvelli gólfplatarmálshluta gatnagerðargjaldsins.*

Nokkrar umræður urðu um málið. Ákveðið að fresta málinu til næsta fundar.

Fleira ekki gert.  
Fundi slitið.  
Guðrún María Valgeirsdóttir,  
Jón Óskar Ferdinandsson,  
Kristján Stefánsson,  
Birkir Fanndal Haraldsson,  
Böðvar Pétusson.